

Ed. **427. Frumvarp til laga** **[172. mál]**
um framlengingu á eignarskattsauka.

(Lagt fyrir Alþingi á 75. löggjafarþingi, 1956.)

1. gr.

Ákvæði 67. gr. laga nr. 46/1954 um álag á eignarskatt skulu gilda við álagningu og innheimtu eignarskatts árið 1956.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Undanfarin ár hefur eignarskattur verið innheimtur með 50% álagi. Ákvæði þetta hefur einungis gilt 1 ár í senn. Með frumvarpi þessu er lagt til, að ákvæðið verði framlengt fyrir árið 1956.